

Vegagerðin  
B. t. Daða Gils Þorsteinssonar  
sent á netfangið: [dadi.g.thorsteinsson@vegagerdin.is](mailto:dadi.g.thorsteinsson@vegagerdin.is)

Neskaupstað 9. apríl 2021

Minnisblað: Athugun á gróðri við framkvæmdasvæði fyrirhugaðra vegabóta við Gilsá/  
Grímsárvirkjun á Skriðdals- og Breiðdalsvegi

## Inngangur og aðferðir


Að beiðni Daða Gils Þorsteinssonar hjá Vegagerðinni gerði Náttúrustofa Austurlands athugun á gróðri, einkum votlendi, skóg- og kjarrlendi við framkvæmdasvæði fyrirhugaðra vegabóta á um 1 km kafla við Gilsá /Grímsárvirkjun á Skriðdals- og Breiðdalsvegi þar sem vikið er frá legu núverandi vegar (1. mynd).

Kristín Ágústsdóttir fór í vettvangsferð þann 18. desember 2020 til að kortleggja gróflega vistlendi á svæðinu. Veður var ágætt. Óvenjuheitt var m.v. árstíma eða um 10 gráður. Snjór var í dýpstu dældum og smá rigning af og til. Hvorugt háði þó vettvangsvinnu. Mun meiri úrkoma var hinu megin við Fjarðarheiði, en þennan dag féll stóra aurskriðan á Seyðisfirði.

Markmið úttektafarnar var fyrst og fremst að skrásetja votlendi og skóglendi sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd<sup>1</sup> og lögum um skóga og skógrækt.<sup>2</sup> Gengið var um svæðið og horft til vistlenda á 100 m svæði (jaðarsvæði/ áhrifasvæði) til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðrar veglínu með hjálp loftmynda.

Við úrvinnslu voru vistlendi afmörkuð á loftmyndir<sup>3</sup>. Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands,<sup>4,5</sup> kortlagning vistgerða sem njóta verndar<sup>6</sup> og kortlagning skógræktarinnar<sup>7</sup> á ræktuðu skóglendi og náttúrulegum birkiskógum- og kjarri voru hafðar til hliðsjónar.

Áhrif vegagerðar á gróður eru margvísleg og ná mismunandi langt út frá vegi.<sup>8,9</sup> Vegir geta breytt vatnsbúskap í votlendi og eru áhrif þeirra á gróður stundum jafnvel áratugi að koma fram.<sup>10</sup> Rask á skóg- og votlendi orsakar minni hæfni svæða til að binda kolefni.<sup>11,12,13</sup> Þá getur orðið breyting á tegundasamsetningu og ágengar tegundir geta náð fótfestu á röskuðum svæðum næst vegum. Í íslenskri rannsókn á áhrifum vegalagningar á votlendisgróður kom í ljós að áhrif voru hægfara, mismikil og breytileg. Taka ber fram að rannsókninni er ekki lokið. Þar skipti votlendisgerð, lega vegar




1. mynd. Yfirlitsmynd. Fyrirhugaðar vegabætur. Rauður kassi afmarkar svæði sem sýnt er á sérkorti neðar í þessu minnisblaði. Grunnkort: Samsýn: Grátónakort, Skógræktin<sup>7</sup> og Landmælingar.

um votlendi og jarðvatnsstaða máli. Til dæmis urðu votlend svæði sem lágu undan halla frá vegi fyrir mestum áhrifum og voru hallamýrar t.d. viðkvæmari en flóar<sup>14,15</sup>.

Varanleg eyðing skóga að hluta eða öllu leyti er óheimil skv. lögum um skóga og skógrækt<sup>16</sup>. Ef ekki verður komist hjá varanlegri eyðingu skóga skal leita leiðbeininga hjá Skipulagsstofnun og umsagnar hjá Skógræktinni, m.a. um mótvægisáðgerðir.

## Niðurstöður og umræður

Votlendi munu að mestu sleppa við rask m.v. hönnunarteikningar sem lágu fyrir í apríl 2021. Þó verður mögulega örlítið rask í bláhorni votlendis sem nýtur verndar stærðar sinnar vegna<sup>17</sup> þar sem gert er ráð fyrir skeringum á um það bil 7 m breiðum og 25 m löngum kafla austan við núverandi veg, norðan Gilsár (2. mynd). Einnig liggja fyllingar alveg að mörkum votlendisbletts þar litlu sunnar. Hinu megin við Gilsá, sunnan við á og austan núverandi vegar, er gert ráð fyrir skeringum innan skógræktar og kjarrlendis (2. mynd).



2. mynd. Votlendi, kjarr- og skóglendi á áhrifasvæði vegabóta á Skriðdals og Breiðdalsvegi við Gilsá. Byggt á vettvangsvinnu, kortlagningu Skógræktarinnar<sup>7</sup> og vistgerðakortlagningu NÍ.<sup>5,6</sup> Rauðar örvar benda á svæði þar sem skeringar eða fyllingar koma inn á votlendi eða skóglendi. Grunnkort: Loftmyndir ehf<sup>8</sup>.





## Lokaorð

Komi til framkvæmda verða áhrifin á gróður einkum óafturkræft rask á gróðurhulu og að einhverju leyti verður vistgerðum sem njóta verndar raskað. Mögulega má þó komast hjá því, t.d. með því að hnika veglínu/skeringum við blájaðar stóra votlendissvæðisins norðan Gilsár. Skv. leiðbeiningum um lagningu vega í votlendi er besti kosturinn, ef á annað borð þarf að leggja veg um votlend svæði, að hann liggi sem neðst í landinu og neðst í votlendinu þannig að áhrif á vatnsflæði verði sem minnst<sup>19,20</sup>. Verði votlendi raskað er mikilvægt huga að mótvægisáðgerðum, s.s. endurheimt votlendis í takt við leiðbeiningar og umsagnir viðeigandi stofnana.

Í takt við ný skógræktarlög er mikilvægt að leita leiðbeininga og umsagnar viðeigandi stofnana kom til eyðingar skóglendis.

Alltaf er hætta á að ágengar tegundir nái fótfestu á röskuðum svæðum í vegköntum. Því er mikilvægt að beita uppgræðslu með staðargróðri að loknum framkvæmdum.

- 
- <sup>1</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Sótt í apríl 2021 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
  - <sup>2</sup> Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. <https://www.althingi.is/lagas/150c/2019033.html>
  - <sup>3</sup> Loftmyndir ehf. (2017). Loftmyndir í eigu Vegagerðarinnar til notkunar í þessu verkefni. Loftmyndir nr. 709\_521.tif, 709\_522.tif, 709\_523.tif, 710\_521.tif, 710\_522.tif, 710\_523.tif teknar árið 2017.
  - <sup>4</sup> Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) (2016). *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær.
  - <sup>5</sup> Vistgerðir Náttúrufræðistofnunar Íslands (2020). *Landupplýsingagögn. Vistgerðir á Íslandi*, 1:25.000 1:25.000 – ni\_vg25r\_2utg., 2. útgáfa. Sótt í maí 2020 á: [http://atlas.lmi.is/NI\\_Data](http://atlas.lmi.is/NI_Data)
  - <sup>6</sup> Náttúrufræðistofnunar Íslands (2019). *Landupplýsingagögn. Sérstök vernd náttúruvafyrirbæra*, 1:50.000. NI\_N50v\_serstokVernd\_1.utg, 1. útgáfa. Sótt í maí 2020 á: [http://atlas.lmi.is/NI\\_Data](http://atlas.lmi.is/NI_Data)
  - <sup>7</sup> Skógræktin (2020). *Náttúrulegt birki á Íslandi*. Landupplýsingar. *Náttúrulegt birki og Ræktað skóglendi* (24.03.2020). Byggt á gögnum frá skógræktinni – Mógilsá, rannsóknasvið Skógræktarinnar. Sótt í desember 2020 á: <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/skogar-i-tolum/skoglendisvefsja/grunngogn>
  - <sup>8</sup> Forman, R. T. T. og Alexander, L. E. (1998). *Roads and their major ecological effects*. Annual Review of Ecology and Systematics 29, 207-231.
  - <sup>9</sup> Umhverfisstofnun (2006). Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á röskun/endurheimt votlendis vegna vegaf framkvæmda og annar framkvæmda sem geta átt við.
  - <sup>10</sup> Findlay, C. S. og Bourdages, J. (2000). *Response Time of Wetland Biodiversity to Road Construction on Adjacent Lands*. Conservation Biology 14, 86-94.
  - <sup>11</sup> Daniel Bergman (riststj.), Arnþór Garðarson, Borgþór Magnússon, Einar Ó. Þorleifsson, Hlynur Óskarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Niels Árni Lund, Sigurður Þráinsson og Trausti Baldursson (2006). *Endurheimt votlendis 1996-2006: Skýrsla Votlendisnefndar*. Landbúnaðarráðuneytið. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/2778/endurheimt%20votlendis.pdf?sequence=1>
  - <sup>12</sup> Arnór Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Grétar Guðbergsson, Kristín Svavarsdóttir og Þorbergur Hjalti Jónsson (2002). *Carbon sequestration in forest plantations in Iceland*. Búvísindi. Icelandic Agricultural Science 15, 81-93.
  - <sup>13</sup> Samráðshópur um endurheimt votlendis (2016). *Endurheimt votlendis. Aðgerðaáætlun*. Reykjavík.
  - <sup>14</sup> Hlynur Óskarsson (2002). *Vegagerð og votlendi*. Ágrip erindis sem flutt var á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar árið 2002. Sótt í febrúar 2021 á: [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Votlendi/\\$file/Votlendi\\_2002.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Votlendi/$file/Votlendi_2002.pdf)
  - <sup>15</sup> Daniel Bergman (riststj.), Arnþór Garðarson, Borgþór Magnússon, Einar Ó. Þorleifsson, Hlynur Óskarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Niels Árni Lund, Sigurður Þráinsson og Trausti Baldursson (2006). *Endurheimt votlendis 1996-2006: Skýrsla Votlendisnefndar*. Landbúnaðarráðuneytið. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/2778/endurheimt%20votlendis.pdf?sequence=1>
  - <sup>16</sup> Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. <https://www.althingi.is/lagas/150c/2019033.html>
  - <sup>17</sup> Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Sótt í apríl 2021 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
  - <sup>18</sup> Loftmyndir ehf. (2017). Loftmyndir í eigu Vegagerðarinnar til notkunar í þessu verkefni. Loftmyndir nr. 709\_522.tif, 709\_523.tif, 710\_522.tif, 710\_523.tif, teknar árið 2017.
  - <sup>19</sup> Hlynur Óskarsson (2002). *Vegagerð og votlendi*. Ágrip erindis sem flutt var á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar árið 2002. Sótt í febrúar 2021 á: [https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Votlendi/\\$file/Votlendi\\_2002.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Votlendi/$file/Votlendi_2002.pdf)
  - <sup>20</sup> Daniel Bergman (riststj.), Arnþór Garðarson, Borgþór Magnússon, Einar Ó. Þorleifsson, Hlynur Óskarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Niels Árni Lund, Sigurður Þráinsson og Trausti Baldursson (2006). *Endurheimt votlendis 1996-2006: Skýrsla Votlendisnefndar*. Landbúnaðarráðuneytið. <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/2778/endurheimt%20votlendis.pdf?sequence=1>

-  Veglína
-  Fyllingar og skeringar
-  Birki- og gulvíðikjarr\*
-  Ræktað skóglendi\*

**VISTGERÐ**

-  Votlendi >2 ha
-  Votlendi
-  Kjarrlendi
-  Skógrækt



\* skv. kortlagningu Skógræktarinnar

